

um akvegasamband við Vestfirði.

Flm.: Kjartan J. Jóhannson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir vegamálastjóra að hefja nú þegar undirbúning eftirfarandi ráðstafana til þess að skapa akvegasamband við bau hvæðarlög á Vestfjörðum, sem enn þá eru án sambands við aðalakvegakerfi landsins:

1. Að ljúka Vestfjarðavegi frá Barðaströnd í Arnarfjörð á næsta ári.
2. Að ljúka vegagerð, er tengi Ísafjörð og nágrannakaupþúnin við sveitirnar við Ísafjarðardjúp, á ekki lengri tíma en 3 árum.
3. Að láta rannsaka, hvort ekki sé hagkvæmt að vinna þessar framkvæmdir eða einstaka þætti þeirra í ákvæðisvinnu undir eftirliti vegagerðar ríkisins.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja fé úr ríkissjóði til fyrrgreindra framkvæmda eða veita ábyrgð fyrir lánnum, sem kunna að verða tekin til þeirra.

Greinargerð.

Þrátt fyrir miklar framkvæmdir í vegamálum þjóðarinnar er stór hluti Vestfjarða enn þá án sambands við akvegakerfi landsins. Er hér um að ræða landssvæði frá Arnarfirði að sunnanverðu Ísafjarðardjúpi. Í þessum héruðum búa nú um 6000 manns. Ríkir mikil óánægja meðal Vestfirðinga með það, hversu hægt gengur að skapa nauðsynlegt akvegasamband við landshluta þeirra. Sætir það vissulega engri furðu, þar sem greiðar samgöngur hljóta í öllum landshlutum að vera hyrningarsteinn atvinnu- og félagslífs fólksins.

Í tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin feli vegamálastjóra að gera ráðstafanir til þess, að lokið verði þegar á næsta ári lagningu vegar úr Barðastrandar-sýslu yfir í Arnarfjörð. Hefur verið unnið að þeirri framkvæmd undanfarin ár, og munu 13—14 km ólagðir á þessari leið. Með nægum stórvirkum verkfærum og vélum er fyllilega mögulegt að ljúka vegagerðinni á næsta sumri. Hefði þá akvegasamband skipað við alla Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, öll kaupþúnin í Norður-Ísafjarðarsýslu og þær sveitir sýslunnar, sem eru við utanvert Ísafjarðardjúp. Væri að þessu stórmikil bót.

En jafnhliða er það skoðun flutningsmanna, að brýna nauðsyn beri til þess að leggja aukna áherzlu á vegagerðina fram með Ísafjarðardjúpi. Vegur hefur nú verið lagður nokkuð út með Mjóafirði innarlega í Djúpinu. Enn fremur er vegur kominn milli allra byggðarlaganna við utanvert Ísafjarðardjúp, allt inn í Álftafjarðarbotn. En frá Álftafjarðarbotni í Mjóafjarðarbotn eru um 100 km, og er aðeins stuttur vegarspotti á þeirri leið, frá bryggju í Ögri að brú á Laugardalsá.

Með því að útvega aukinn vélakost og hækkaðar fjárveitingar til þessarar vegagerðar ætti að vera mögulegt að ljúka henni á 3—4 árum. Má til dæmis gera ráð fyrir, að mögulegt ætti að vera að koma veginum út í Ögur á næsta sumri.

Þá ber og nauðsyn til þess að halda áfram vegagerðinni út með norðanverðu Ísafjarðardjúpi áleiðis til einnar nyrztu byggðar héraðsins í Grunnavíkurbreppi.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að Vestfirðingar eigi fullan rétt á því eins og aðrir landsmenn að njóta akvegasambands ekki aðeins milli sinna eigin héraða, heldur og við meginakvegakerfi landsins.

Þá telja flutningsmenn, að rétt sé að athuga, hvort ekki geti verið hagkvæmt að láta vinna að vegagerð í ákvæðisvinnu undir eftirliti vegagerðar ríkisins.